

GJALDSKRÁ fráveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Tengigjald.

Tengigjald fyrir einbýlishús er 137.842 kr.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er 138.075 kr. fyrir fyrstu íbúð, en 82.705 kr. á hverja íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er 204.195 kr.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta tengigjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Tengigjald skal innheimta við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

2. gr.

Fráveitugjald.

Fráveitugjald er 0,20% af heildarfasteignamati.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins.

Fráveitugjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalfa. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

3. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en fráveitugjald miðast við byggingarvísitölu 1. desember 2014 (120,8 stig) og breytast í samræmi við hana árlega.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps, 8. janúar 2015.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015